
Fornleifaskráning á áhrifasvæði Suðurlandsvegar: Deiliskráning í landi Hveragerðis



Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir

Fornleifastofnun Íslands ses.
Reykjavík 2017
FS672-17341



Forsíðumyndin er af Gamla sýsluveginum ÁR-720:012. Horft er til NNA. Myndina tók Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

© 2017
Fornleifastofnun Íslands
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Netfang: fsi@instarch.is
Heimasíða: www.fornleif.is

Innihald

Samantekt.....	5
1. Inngangur.....	7
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf.....	9
3. Aðferðir við fornleifaskráningu.....	11
4. Fornleifaskrá.....	13
ÁR-521 Vorsabær (Ossabær).....	13
ÁR-523 Saubær.....	14
ÁR-525 Kröggólfsstaðir.....	15
ÁR-720 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Ölfushrepp.....	16
5. Niðurstöður.....	18
Heimildir.....	20
Viðauki I: Hnitaskrá í ISN93.....	21
Viðauki II: Minjakort.....	22

Samantekt

Í nóvember 2017 var gerð deiliskráning á 3 km löngu og 200 m breiðu svæði innan sveitarfélagsins Hveragerðis. Fyrirhuguð er tvöföldun Suðurlandsvegur en nýverið var ákveðið að færa veginn 100-200 m til suðurs, sunnan við Búrfellslínu, og sökum þess þurfti að gera úttekt á umræddu svæði sem ekki hafði verið kannað með tilliti til fornleifa. Úttektarsvæðið er í landi jarðanna Vorsabæjar ÁR-521, Öxnalækjar ÁR-522, Saurbæjar ÁR-523, Kröggólfsstaðahverfis ÁR-524-526 en einnig eru þar minjar sem teljast vera á fleiri en einni jörð ÁR-720, í öllum tilvikum gamlar þjóðleiðir. Svæðið er að mestu í svokallaðri Bæjarþorpsheiði, milli Kamba að vestan og Varmár að austan. Alls reyndust vera átta minjar innan svæðisins, þar af höfðu fimm verið skráðar áður.



1. Inngangur

Á haustdögum 2017 óskaði Vegagerðin eftir því að Fornleifastofnun Íslands ses. tæki að sér deiliskráningu vegna nýlegrar tilfærslu á veglínu Suðurlandsvegar. Fornleifaskráning var gerð vegna þeirrar framkvæmda árið 2009¹ en umrætt svæði hafði ekki verið kannað áður með tilliti til fornleifa. Úttektarsvæðið er um 3 km langt og 200 m breitt en fyrirhugað er að færa Suðurlandsveg 100-200 m sunnar, sunnan við Búrfellslínu. Þetta svæði nær frá Kambarótum að vestan að Varmá til austurs. Þetta landsvæði er allt innan Hveragerðis, í landi jarðanna Vorsabæjar ÁR-521, Öxnalækjar ÁR-522, Saurbæjar ÁR-523 og Kröggólfsstaðahverfis ÁR-524–526 en einnig eru þarna minjar sem teljast vera á fleiri en einni jörð ÁR-720. Þessar jarðir voru allar í hinum forna Ölfushrepp áður en sveitarfélagið Hveragerði var stofnað á 20. öld.

Árið 2002 fór fram aðalskráning fornleifa í Hveragerði² og var austurhluti svæðisins aðalskráður í þeirri vinnu. Árið 2012 hófst aðalskráning fornleifa í Ölfusi sem lýkur árið 2018.³ Þegar aðalskráningin var gerð var haft upp á heimildamönnum og rætt við þá um

svæðið og ekki var talin þörf á því nú. Ákveðið var að skráningin frá 2002 yrði endurskoðuð eftir þörfum innan úttektarsvæðisins enda skráningin komin til ára sinna. Auk þess var ljóst að skrá þyrfti minjar innan deiliskipulagsreits eftir þeim kröfum sem nú eru gerðar til skráningar á slíkum svæðum. Í þeim felst m.a. að gengið sé kerfisbundið um



Skráningarsvæðið er sýnt með rauðum punkti.

deiliskipulagsreit, bætt við fyrirliggjandi skráningu og allar sjáanlegar minjar mældar upp.⁴ Vitað var að fimm minjastaðir væru innan deiliskipulagsreitsins áður en deiliskráning hófst en við skráningu bættust við þrír staðir og eru því samtals átta minjastaðir innan úttektarsvæðisins.

- 1 Bjarni F. Einarsson, 2009.
- 2 Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002
- 3 Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2017
- 4 Sjá t.d.16. og 22. grein Laga um menningarminjar.

Vettvangskonnnun var gerð um miðjan nóvember en þá var gengið skipulega um allt svæðið í leit að fornleifum auk þess sem þekktar minjar voru mældar upp. Um vettvangsskráningu og gerð þessarar skýrslu sá Ragnheiður Gló Gylfadóttir. Elín Ósk Hreiðarsóttir vann aðalskráningu innan Hveragarðis árið 2002. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skársetjum Fornleifastofnunar en loftmyndirnar eru frá Loftmyndum ehf og lagðar til af verkkaupa.

Skýrsla þessi er byggð upp þannig að á eftir inngangi er að finna stuttan yfirlitskafla um fornleifaskráningu og löggjöf hér á landi. Í kjölfar hans fylgir kafla þar sem skráningarkerfi Fornleifastofnunar er útskýrt (kafla 3). Í fjórða kafla er að finna sjálfa skráninguna sem skreytt er teikningum og ljósmyndum og í fimmta og síðasta kaflanum eru teknar saman helstu niðurstöður skráningarinnar. Allra aftast er að finna heimildaskrá og kort sem sýna staðsetningu minja á skráningarsvæðinu.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum,

- vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.


Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 24. gr. laga um menningarminjar segir m.a.: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

Við deiliskráningu sem gerð er í tengslum við deiliskipulög koma oft áður óþekktar minjar í ljós. Að auki geta minjar sem sjást ekki eða illa á yfirborði komið í ljóst við framkvæmdir. Fornleifar eru þess eðlis að seint verður skorið úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd sé engin hætt á að áður óþekktar minjar finnast við jarðrask. Ef slíkar minjar koma í ljós, eða ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-409:001). Fornleifaskrá hvernar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hvernar jarðar.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis minjastaðurinn er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hvers kyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álaga-blettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvaða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93). Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Geoexplorer 6000 og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og hins vegar mæld upp mörk allra merkjanlegra minja. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um...” t.d. útihús,



Dæmi um skráningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síðu tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvaða hann á grundvelli fyrir liggjandi upplýsinga með um 50 m fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórfamkvæmda eða sem uppblástur ógnar. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektarsvæðis. Það skýrir þá staðreynd að númeraröðin er slitrótt enda upplýsingar ekki birtar um minjar sem eru utan deiliskipulagsreits.

4. Fornleifaskrá

ÁR-521 Vorsabær (Ossabær)

1708: "Jarðdýrleiki óviss, því jörðin tíundast öngvum." JÁM II, 415.
1917: Tún 5.2 ha, 4/5 slétt. Garðar 952 m².

ÁR-521:024 Hafnargata vegur leið

"Hafnargata: Gamall ruddur vegur, lá af Þjóðveginum rétt fyrir vestan Varmárbrúna og vestur á Klappirnar, "fyrir norðan Ossabæ", notaður fram til 1930," segir í örnefnalýsingu. Hafnargata liggur frá Þjóðvegi 1 rétt vestan við malarveg að Vorsabæ og síðan skáhallt til suðvesturs, ofan túns. Vegurinn er sýndur á Herforingjaráðskorti nr. 37 sem er gert 1908. Þar liggur hann til vesturs frá Þjóðvegi 010, í gegnum land Vorsabæjar og Öxnalækjar ÁR-522 og sameinast gamla Sýsluveginum ÁR-720:012.

Svæðinu hefur að miklu leyti verið umturnað, líklega í tengslum við Búrfellslínu. Þarna er gróin heiði með stökum klettum og vegslóðar eru einnig á svæðinu.

Hafnargata liggur þvert yfir austurenda deiliskráningarsvæðisins sem skoðað var 2017 vegna tilfærslu á Suðurlandsvegi. Vegurinn er 140 m að lengd, 2 - 3 m á breidd og 0,2 m á dýpt. Hann er gróinn, flatur og sést vel.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Vorsabær, 4; Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 13: Hkort nr. 37 1:50000

A 393397 N 389279



Hafnargata ÁR-521:024, horft til vesturs.

ÁR-521:025 Presthóll Þjóðsaga

"Presthóll: Hraunhóll austur af Kálfabrekku, norður frá bænum [Vorsabæ]. Þjóðsaga hermir að prestur einn hafi sofnað sinn síðasta blund undir hólnum og sálast. Hafði verið ölvaður og pissað í buxurnar, en frost var," segir í örnefnalýsingu. Presthóll er rúmum 25 m norðan við Hafnargötu 024 og tæpum 70 m sunnan við Þjóðveg 1. Hann er í austurenda úttektaarsvæðis sem skoðað var 2017 vegna tilfærslu á veglínu Suðurlandsvegar.

Á þessu svæði eru grónu svæði. Þarna eru litlir hólar vaxnir mosa og flatt hraun. Inn á milli eru stærri hólar. Presthóll er hraunhóll, suðurhlið hólins er lítið annað er lágir, brattir klettir. Hóllinn er 1 - 1,5 m á hæð en lækkar til norðvesturs og suðausturs. Ekki er að sjá neina mannvist við hólinn enda er þeirra ekki að vænta.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Vorsabær, 4

A 393358 N 389302



Presthóll ÁR-521:025, horft til norðvesturs.

ÁR-521:051 tóft óþekkt hlutverk



Tóft ÁR-521:051, horft til norðvesturs.

ung. Hún er þó látin njóta vafans og því tekin á fornleifaskrá. Hún er fast sunnan við línuveg, víða er jarðrask og vegslóðar á þessu svæði.


Tóftin er vestarlega á gróinni, lágrí hraunbrún. Hún skagar fram úr brúninni en sést ekki vel fyrr en komið er að henni. Allt umhverfis svæðið er mosavaxin melur og hraun, hér og þar eru stök tré.

Tóftin er 6,5 x 4 m að stærð, einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er grafin inn í hraunbrúnina að austan. Þar er hlaðinn veggur en að vestan er tóftin lítið annað en niðurgröftur. Veggirnir eru 0,1 - 0,3 m á hæð og 1,5 - 2 m á breidd. Þeir eru algrónir og hlaðnir úr torfi. Hvergi glitta í grjóti í þeim. Niðurgröfturinn er 0,1 - 0,2 m á dýpt og tóftin er flöt að innan. Hlutverk þessarar tóftar er óþekkt.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

A 393158 N 389321

Tóft er beint undir Búrfellslínu, innan austurhluta fyrirhugaðs úttektarsvæðis vegna tilfærslu á Suðurlandsvegi. Tóftin er um 90 m sunnan við miðlínu áætlaðs vegarstæðis og tæpum 200 m vestan við Presthól 025. Ekki er vitað hversu gömul tóftin er og bendir útlit hennar til að hún sé fremur



ÁR-523 Saurbær

1708: "Jarðardýrleiki óviss, því jörðin tíundast öngvum." JÁM II, 416. „26 hundruð að fornu mati. Á land upp á fjall, allt að afréttarmörkum, sæmilega gróið, góð sumarheit. Neðar er gamalt gróið hraun „heiði“, skjólsælt með grónum lautum. Bærinn stendur í hraunbrúninni.“ SB III, 352. Stóri-Saurbær er ekki í fastri ábúð. Búið er að stofna fjögur lögbýli, á jörðinni, Litla-Saurbæ, Hreiður, Vindás og Víðigerði.

1917: Tún 2.5 ha, 4/5 slétt. Garðar 1800 m².



Varða ÁR-523:025, horft til NNA.

ÁR-523:025 varða óþekkt

A 391598 N 390204

Lítill varða er rúmum 2,3 km norðan við Saurbæ og 200 m sunnan við Suðurlandsveg. Varðan er rúmum 30 m sunnan við miðlínu ráðgerðs vegarstæðis Suðurlandsvegar, vestarlega innan áhrifasvæðisins. Þetta er lítið annað en vörðubrot en ekki er ljóst í hvaða tilgangi hún hefur verið hlaðin.

Varðan er vestan til á lágrí, gróinni hrauntungu. Hærri hraunbrún er til austan og norðan, varðan sést illa þaðan. Þetta svæði er mosavaxið en stök tré eru á svæðinu. Jarðsímastrengur er skammt sunnan við vörðuna og jarðrask tengt honum.

Varðan er 0,2 m á hæð og 1 x 1 m að grunnfleti. Það má

greina 1 umfar af hleðslum en snjór var á svæðinu þegar varðan var skráð 2017. Grjótið er mosavaxið en varðan er illa hlaðin.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

ÁR-525 Kröggólfsstaðir

1708: “Jarðardýrleiki óviss, því jörðin tíundast öngvum [...]” JÁM II, 418. 1847. 32. hdr. JJ, 75. “Kröggólfsstaðatorfan. Jarðirnar í henni eru: Kröggólfsstaðir, Þúfa [ÁR-524] og Vötn [ÁR-526]... Hver jörð hafði sitt deilt tún og engi, en beitiland var óskipt. Hlutur Kröggólfsstaða var bestur, enda mun hún hafa verið talin aðaljörðin...Landamerki: Úr steini við Farkeldupytt (Arnarb.), merktum [sjá 026], bein lína í annan stein í Ósnefi. Stefna til suðvesturs milli Arnarb. og Kröggólfsst. Þaðan bein lína (milli Núpa og Krst.) í Vatnastekk [sjá 006], þaðan lína í Bleiksmýrarklett, þaðan áfram sama lína í afrétt (í Skarsmýrarfjalli). Þaðan lína í Kýrgilshnúk, suðaustan í Hengli. Þaðan lína í Raufarberg vestan við Árstaðafjall (Heim. notaði það nafn). Mörk milli Saurb. og Krst. var Heim. ekki kunnugt.” Ö-Kröggólfsstaðatorfan, 1-2.

1918: Tún 5.1 ha, 2/5 slétt. Garðar 1752 m².

ÁR-525:011 gata leið

A 391382 N 390239

“Jarpsmýrarhryggur: Brunahraunhryggur, sem liggur upp og niður brekkuna yfir Þjóðveginn. Þar lá gata. Skemmdur 1970,” segir í örnefnalýsingu.

Hér er líklega um sömu leið að ræða sýnd er á herforingjaráðskorti nr. 37 frá 1908. Sú leið lá til norðurs frá bæ 001, yfir Bæjarþorpsheiði og áfram upp á Hellisheiði. Engin heimildamanna sem rætt var við kannaðist við örnefnið Jarpsmýrarhryggur en töldu að framkvæmdir við Þjóðveg 1 hefðu raskað hryggnum uppi á Hellisheiði. Leiðin lá í gegnum lægð í neðsta hraunkambinn, svokallað Skarð, norðan við heimatúnin og yfir Bæjarþorpsheiði. Þetta voru götur eftir búfé sem rekið var til fjalls að sögn Sigurðar Ragnarssonar, heimildamanns.

Leiðin liggur í grónu hrauni. Stutt er í grjót gegnum svörð og það kemur víða upp.

Þessi leið sést ennþá vel á rúmlega 2,2 km löngum kafla. Leiðin lá til NNA frá heimatúninu í gegnum svokallað Skarð. Þaðan hlykkjast hún til NNA yfir Bæjarþorpsheiði og hverfur skammt suðvestan við neðstu beygjuna á Þjóðvegi 1, í Kömbum. Leiðin sést vel, er 8-10 m á breidd en mold er í botni hennar. Paldrarnir eru horfnir en líklega var leiðin rudd á einhverjum tímapunkti. Eftir svokallaðar Krossgötur, þar sem leið 010 [í landi Kröggólfsstaða] fer til norðvesturs, breytist leiðin og er órudd. Þar er hún 0,5 - 1 m breidd, 0,3 m djúp og hlykkjast áfram á milli gróinna hraunhóla og þúfna. Innan svæðis sem deiliskráð var 2017 vegna tilfærslu á Suðurlandsvegi sést leiðin á rúmlega 70 m löngum kafla, sunnan við miðlínu vegarins allt að lágrí hraunbrún neðan við Kamba, þar verður hún ógreinileg og hverfur þegar hún nálgast Suðurlandsveg. Önnur útgáfa leiðarinnar sést 40 m suðaustar, innan deiliskráningarsvæðisins. Leiðirnar sameinuðust líklega skammt norðar, nánast beint undir fyrirhugðu vegstæði. Þæst stefna báðar þangað en hverfa uppi á brúninni. Þessar götur eru nánast eins og hinar göturnar sem eru norðar.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Kröggólfsstaðatorfan, 5; Hkort 1:5000 nr. 37, 1908



Leið ÁR-525:011, horft til suðurs. Leiðin sést illa vegna snjós.

ÁR-720 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Ölfushreppi

ÁR-720:012 Gamli Sýsluvegurinn vegur

leið

A 392585 N 389507



Gamli Sýsluvegurinn ÁR-720:012, horft til SSA.

“Krossgötur: Mói, nú ræktaður, norður frá Vatnatúni. Þar mættust heimagötur [sjá 525:010 og 011] og gamla þjóðleiðin,” segir í örnefnalýsingu Kröggólfsstaða. Gamla þjóðleiðin/Sýsluvegurinn er sýnd á herforingjaráðskorti nr. 37 frá 1908. Hún lá til suðvesturs frá vegi 720:010, sveigði til vesturs við heimatún Vorsabæjar ÁR-516 og lá áfram að myllu ÁR-527:030 í landi Núpa. Leiðin lá áfram til vesturs, meðfram Núpafjalli og að Þorlákshöfn ÁR-548. Í bréfi Björns Pálssonar og birt er í viðauka 5 við skýrslu FS187-001172 segir: “Sýsluvegurinn gamli: hann er vel sýnilegur af Stekkjartúninu sunnan fjárhúsanna þar og norður undir Öxnalækjarveg. Þá er bútur hans enn til milli raflínunnar og Þjóðvegur 1 um 50 m vestan við veginn sem gerður var niður í Ölfus upp úr 1930. [...] Sýsluvegurinn gamli: kom neðan úr Ölfusi, um

Gránulág (ekki Grænulág sem er ritvilla í tilvitnuðum fornleifaskrá) og upp á Kirkjubrún vestanverða. Hann er ekki nefndur í fornleifaskráningunum né örnefnaskrá en er að stofni forn þjóðleið og var síðan ruddur vagn- og bílfær og notaður fram yfir 1930.” Vegurinn sést m.a. vel í landi Öxnalækjar ÁR-522, Kröggólfsstaða ÁR-525, Vatna ÁR-526 og Þúfu ÁR-524.

Vegurinn liggur í gróinni, þýfðri heiði. Hér og þar koma klettur upp úr sverði.

Í landi Kröggólfsstaða, Vatna og Þúfu er hægt að rekja veginn á rúmlega 720 m löngum kafla. Hann er ruddur, vagnfær, 3 m á breidd og 0,2 m djúpur. Vegurinn er sléttur í botninn og lítið gróinn. Vegurinn sést einnig vel í landi Öxnalækjar, rúmum 90 m austan við Þorlákshafnarveg 38. Þar liggur vegurinn þvert í gegnum fyrirhugað áhrifasvæði vegna tilfærslu á Suðurlandsvegi, hann er nánast í miðju þess svæðis. Vegurinn er upphlaðinn, yfir gróna lág og sést vel. Hann er tæplega 80 m að lengd, 3 m á breidd og 0,3 m á hæð. Norðurhluti vegarins, skammt sunnan við Öxnalækjarveg, er lítið annað lág í grónum mel og sést illa.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Kröggólfsstaðatorfan, 4, Hkort 1:50000 nr. 37 1908; Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 29, 32.

ÁR-720:022 heimild leið

A 392213 N 389862

Leið er merkt á Herforingjaráðskort frá 1908 til suðvesturs frá leið 010, fast vestan við rétt 521:026. Hún lá yfir Bæjarþorpsheiði, þvert yfir leið 525:011 og endaði norðan við heimatún Núpa ÁR-527. Þetta voru reiðgötur samkæmt kortinu en engin ummerki þeirra sjást lengur.

Innan þéttbýlisins í Hveragerði er nú gróinn garður við Hótel Örk þar sem göturnar lágu. Bæjarþorpsheiði er óröskuð en ekki var að sjá nein ummerki um leiðina á því svæði, þar sem hún hefur legið þvert yfir áhrifasvæði Suðurstrandarvegar, um 400 m norðvestan við Þorlákshafnarveg 38. Ljóst er að leiðin var líklega ekki fjölfarin.

Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Hkort 1:50000 nr. 37

ÁR-720:023 vegur leið

A 392617 N 389496

Í bréfi Björns Pálssonar og birt er í viðauka 5 við skýrslu FS187-001172 segir: “Vegur niður í Ölfus: Vegurinn var gerður laust eftir 1930. Við gerð hans unnu meðal annarra refsifangar sem vistaðir voru á nýstofnuðum „Letigarði“ á Litla-Hrauni. (Heim. Siggeir Jóhannsson, Núpum).” Þessi vegur er of ungur til þess að teljast til fornleifa en hafður hér með sem hluti af sögu samgönguminja á svæðinu. Hann sést liggja til suðurs frá Suðurlandsvegi, um 190 m austan við Þorlákshafnarveg 38.

Vegurinn liggur í gróinni heiði, þar sem víða koma stakir klettar uppúr sverði. Svæðinu hefur verið raskað, m.a. með lagningu Búrfellslínu.

Vegurinn liggur þvert í gegnum suðurhluta áhrifasvæðisins, sunnan við gróna hraunbrún. Hann er fast austan við Gamla - Sýsluveg 012 og í suðurenda svæðisins, skarast leiðirnar. Vegurinn er 90 m langur, 4 m á breidd og liggur norðaustur - suðvestur. Hann er horfinn til norðurs en sést aftur utan skráningarsvæðisins, sunnan við Suðurlandsveg. Hann er 0,2 m á hæð og uppbyggður.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 29



Vegur ÁR-720:023, horft til suðvesturs.

5. Niðurstöður

Það áhrifasvæði sem tekið var út vegna breytingar á legu Suðurstrandarvegur var 3 km langt og 200 m breitt. Það liggur til austurs frá neðstu beygjunni í Kömbunum og endar skammt vestan við Varmá. Deiliskipulagssvæðið er skammt sunnan þéttbýlisins í Hveragerði, í svokallaðri Bæjarþorpsheiði. Hveragerði er byggt í landi jarðanna Vorsabæjar ÁR-521 og Öxnalækjar ÁR-522 auk hluta úr Reykjum ÁR-517.⁵ Þessar jarðir tilheyrðu áður Ölfushreppi en Hveragerði byggist upp á 20. öld. Byggðin er þétt í Ölfusi raunar svo þétt að nær væri að tala um þorp en staka bæi, enda er talað um Bæjarþorp, Hjallahverfi, Reykjatorfu o.s.frv. Þó erfitt sé að fullyrða um það án rannsókna má telja að byggð hafi þegar verið orðin þétt í þessum hverfum á landnámsöld.⁶ Bæjarþorpið samanstóð af jörðunum Vorsabæ ÁR-521, Öxnalæk ÁR-522 og Saurbæ ÁR-523. Næsta hverfi til suðurs er Kröggólfsstaðahverfi. Jarðirnar í því hverfi samstanda af Kröggólfsstöðum ÁR-525, Þúfu ÁR-524 og Vötnum ÁR-526. Jarðirnar í bæði Bæjarþorpinu og Kröggólfsstaðahverfi eru ámóta stórar og teljast meðaljarðir að gæðum sem bendir til að byggðin þar hafi verið stöðug lengi og sé forn. Skráningarsvæðið var nýtt sameiginlega af öllum jörðum í báðum hverfunum.

Alls voru skráðir átta minjastaðir innan deiliskipulagsreitsins. Þrír staðir tilheyrðu Vorsabæ, einn Saurbæ, einn Kröggólfsstöðum en þrír teljast vera á fleiri en einni jörð (eru leiðir sem ná yfir nokkrar jarðir). Allar minjarnar töldust í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Rétt er að taka fram að þegar hættumat er gert er metið hvort einhver hættu geti mögulega steðjað að fornleifum, ef ekki verði gripið sérstakra ráðstafana. Í flestum tilfellum er ekki talið fullvíst að staðurinn verði fyrir raski og hættan hvorki talin óhjákvæmileg eða óyfistíganleg heldur er hættumatinu ætlað að vekja athygli á því að umræddur minjastaður geti lent í hættu vegna tiltekinna þátta. Ljóst er að minjastöðunum stafa mjög mismikil hættu af framkvæmdum við Suðurstrandaveg og væntanlega er þeim minjum sem næst eru miðlínu vegarins í mestri hættu. Því má ætla að minjar 720:012, 022, 023, 523:025, og 525:011 sem eru innan við 50 m frá miðlínu séu í mestri hættu en minjar 521:024, 025 og 051 séu í minni hættu enda fjær fyrirhuguðum framkvæmdum.

Enn sjást ummerki um alla þá minjastaði sem skráðir voru, fyrir utan leið ÁR-720:022. Minjadreifing innan áhrifasvæðis er í raun nokkuð strjál og vegur þar þýngst að áhrifasvæðið er allt fjarri heimatúnum bæjanna nema í Vorsabæ, þar endar svæðið skammt norðan við heimatúnið. Þetta útskýrir hversu fáar minjar eru innan þess en minjadreifing er hvergi eins þétt og í heimatúnum gamalla bæja.

5 Sunnlenskar byggðir III, 423

6 Sbr. Orri Vésteinsson, 1998

Minjarnar sem skráðar voru eru flestar samgönguminjar. Alls voru skráðar fimm leiðir (ÁR-521:024, ÁR-525:011, ÁR-720:012, 022 og 023), ein varða (ÁR-523:025), ein tóft (ÁR-521:051) og ein þjóðsaga (ÁR-521:025). Leiðirnar eru bæði fornar og nýjar. Leið 525:011 er sýnd á Herforingjaráðskorti frá 1908 og stefnir upp á Hellisheiði. Samkvæmt heimildamönnum var hún notuð fyrir búfénað en umfang hennar bendir til þess að hún hafi verið fjölfarin af bæði mönnum og dýrum. Leið 720:022 var líklega gerð seinna en vegur 720:010 og lá til suðvesturs frá Ölfusréttum ÁR-521:026 að Núpum ÁR-527. Hún er sýnd á Herforingjaráðskorti frá 1908 Engin ummerki þessarar leiðar sjást nú sem bendir til þess að hún hafi ekki verið fjölfarin. Leiðir 720:012, ÁR-720:023 og 521:024 eru allt góð dæmi um vegagerð við upphaf 20. aldar. Annars vegar er um rudda vagnvegi að ræða (ÁR-521:024 og ÁR-720:12 og akfæran malarveg (ÁR-720:023. Ekki er ólíklegt að vörðubrot 523:025 tengist umferð manna og dýra á þessu svæði en leið ÁR-525:011 er skammt norðvestar. Hið sama má segja um Presthól 521:025, vegir 521:024 og 72:010 eru þar skammt frá og segir sagan af presti á ferð sem þar varð úti. Þjóðsagan tengd hólnum er tengd presti sem var á ferð þarna. Tóft 521:051 er líklega ekki forn en hún er grafin inn í brún beint undir Búrfellslínu. Einn veggur tóftarinnar sést enn aðrar hliðar hennar virðast einungis niðurgrafnar. Ekkert er vitað um hlutverk hennar eða byggingarár.

Minjastofnun Íslands mun taka afstöðu til áhrifa framkvæmdanna á fornminjar, hvort þau teljist ásættanleg og hvort nauðsynlegt sé að grípa til mótvægisáðgerða.

Það er rétt að vekja athygli á því hér í lok skýrslu á 22. og 23. grein laga um menningarminjar en í þeim segir: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Ennfremur segir: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.“

Heimildir

Bjarni F. Einarsson. 2009. „Fornleifakönnun.“ *Suðurlandsvegur. Frá Hveragerði og austur fyrir Selfoss*. Reykjavík, Efla Verkfræðistofa og Vegagerðin.

DI: *Diplomatarium Islandicum* eða *Íslenskt fornbréfasafn*. I-XV. 1857-1972. Kaupmannahöfn/Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafjelag.

Hkort 1:50000. Dönsku herforingjaráðskortin. 1:50000. Herforingjaráðskort nr. 37. Landsbókasafn Íslands. Skoðað 15.11.2017. Slóðin er:
<http://islandskort.is/is/category/list/29;jsessionid=B2D14A0F7F062E1A3A095F9952041E87>

Elín Ósk Hreiðarsóttir. 2002. *Fornleifaskráning í Hveragerði. 2. útgáfa. FS187-00172*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands. Viðauki eftir Björn Pálsson.

Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson. 1999. *Fornleifaskráning í Ölfushreppi II. Svæðisskráning í Selvogs- og Ölfushreppi. FS084-99012*. Fornleifastofnun Íslands: Reykjavík.

JÁM II: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 1918-1921. Kaupmannahöfn: S.L. Möller.

JJ: Jón Johnsen, *Jarðatal á Íslandi*. 1847, Kaupmannahöfn.

Lög um Menningarminjar. Skoðað 27.11.2017. Slóðin er:
<http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>

Orri Vésteinsson. 1998. „Patterns of Settlement in Iceland: A Study in Prehistory.“ *Saga Book of the Viking Society* 28, 1-29.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2017. *Aðalskráning fornleifa í Ölfusi: Áfangaskýrsla II. FS626-12022*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Sunnlenskar byggðir III. 1983. Búnaðarsamband Suðurlands: Selfoss

Óúttefnar heimildir

Túnakort 1918: Túnakort fyrir Ölfushrepp frá 1918. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ö-Kröggólfsstaðatorfan, Örnefni í Kröggólfsstaðatorfunni Þórður Ö. Jóhannsson skráði 1967. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Vorsabær: *Örnefnalýsing Vorsabæjar*. Ögmundur og Sæmundur Jónssynir skráðu. Örnefnastofnun Íslands. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Heimildamenn:

Jón Ögmundsson 15. 09. 1956

Björn Pálsson 15. 08. 1942

Viðauki I: Hnitaskrá í ISN93

Sértala	A	N
ÁR- 521:024	393397.757	389279.623
ÁR-521:025	393358.141	389302.621
ÁR-521:051	393158.087	389321.567
ÁR-523:025	391598.376	390204.983
ÁR-720:012	392585.622	389507.505
ÁR-720:022	392213.848	389862.591
ÁR-720:023	392617.550	389496.147
ÁR-525:011 1	391382.796	390239.166
ÁR-525:011 2	391415.638	390220.511

Viðauki II: Minjakort

Við kortagerð voru notaðar lofmyndir frá Loftmyndum ehf. sem Vegagerðin lagði til verksins. Á hverju korti eru útskýringar á þeim merkingum sem þar eru.



Minjar innan úttektarsvæðis. Rauðar línur og hringir eru minjar sem hafa áður verið skráðar. Þau gögn komu frá verkkaupa.

Skýringar

- Skráðir minjastaðir
- Áður skráðar minjar
- Fyrirhuguð veglína
- Deiliskráningarsvæði

